

# LANDSLÖG

Matvælaráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Matvælaráðuneyti	
MAR	22 08 008 C
Málal.	00. 11.09
Mótt.	23.8.2022
Aths.	KA

## STJÓRNSÝSLUKÆRA

### 1. HIN KÆRÐA ÁKVÖRÐUN

Samkaup, kt. 571298-3769 („kærandi”), hefur falið undirritaðri að kæra til matvælaráðuneytisins ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 14. júní 2022 um sölustöðvun á Lucky Charms morgunkorni í verslunum Samkaupa í Reykjavík, þ.m.t. netverslun, frá og með 15. júní 2022.

Um kæruheimild vísast til almennrar kæruheimildar 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 30. gr. d. laga nr. 93/1995 um matvæli.

### 2. KRÖFUGERÐ KÆRANDA

Kærandi krefst þess að ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 14. júní 2022 um sölustöðvun á Lucky Charms morgunkorni í verslunum Samkaupa í Reykjavík, þ.m.t. netverslun, frá og með 15. júní 2022, verði felld úr gildi.

### 3. MÁLAVEXTIR OG ÁSTÆÐUR KÆRU

Þann 25. maí 2022 barst kæranda bréf frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með yfirskriftinni „Sölustöðvun á Lucky Charms morgunkorni”. Í bréfinu kom fram að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, með vísan til 3. mgr. 30. gr. laga nr. 93/1995, færi fram á það að Samkaup hf. stöðvaði dreifingu á Lucky Charms morgunkorni í öllum verslunum fyrirtækisins í Reykjavík, þ.m.t. netverslun þess og var þess krafist að vörurnar yrðu ekki í dreifingu eftir 15. júní 2022.

Til stuðnings ofangreindrar kröfu um sölustöðvun vísaði Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur til almennrar yfirlýsingar sem framleiðandi morgunkornsins, General Mills, gaf frá sér þann 30. mars 2021 um hann gæti ekki lengur dreift Lucky Charms til Íslands vegna breytinga á uppskrift morgunkornsins sem stangist á við löggjöf ESB og EES. Þá var vísað til fréttatilkynningar Nathan & Olsen, dags. 31. mars 2021, þar sem efni yfirlýsingar General Mills er að mestu endurtekið. Sagði í bréfinu að „Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefði enga ástæðu til að rengja framleiðandann og að mati eftirlitsins væri það heldur ekki hlutverk einstakra matvælafyrirtækja hér á landi að gera það og halda áfram innflutningi á matvælum sem að mati framleiðanda þeirra samrýmast ekki lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim“. Um lagagrundvöll var vísað til 3. mgr. 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Með bréfi, dags. 7. júní 2022, fór kærandi þess á leit við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að afstaða eftirlitsins yrði endurskoðuð sem og fyrirhuguð ákvarðanataka. Um væri að ræða stjórnvaldsákvörðun og Heilbrigðiseftirlitið því bundið af form- og efnisreglum stjórnsýsluréttar við meðferð og ákvarðanatöku í málínu. Umrædd ákvörðun yrði verulega íþyngjandi fyrir kæranda, en í slíkum tilvikum væru gerðar meiri kröfur til málsmeðferðar stjórnvalds. Þá kom fram að ekki yrði séð að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefði gætt að framangreindum reglum við meðferð málsins. Þannig hefði Heilbrigðiseftirlitið ekki sinnt rannsóknarskyldu þeirri sem á eftirlitinu hvíli samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Aðeins væri vísað til meira en ársgamalla yfirlýsinga frá General Mills og Nathan & Olsen og ekki með neinum hætti tilgreint hvort og þá hvaða innihaldsefni morgunkornsins Heilbrigðiseftirlitið teldi ólögmæt eða gegn hvaða reglum hefði verið brotið.

Í svarbréfi kæranda kom einnig fram að ekki yrði séð að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefði lagt fullnægjandi grundvöll að ákvörðun sinni, enda hefði eftirlitið ekki aflað fullnægjandi gagna til að það geti tekið afstöðu til þess hvort að umrætt morgunkorn innihéldi efni sem ólögmætt væri að nota í matvælum. Þá væri rökstuðningi fyrir boðaðri ákvörðun svo ábótavant að kæranda væri ómögulegt að nýta andmælarétt sinn, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Af ákvæðinu og tilgangi andmælareglunnar leiddi að stjórnvöld verða að gæta að því að andmælaréttur aðila sé raunhæfur og virkur. Kærandi teldi fyrirhugaða ákvörðun brjóta gegn bæði form- og efnisreglum stjórnsýslulaga og ólögfestum reglum stjórnsýsluréttar. Væru annmarkarnir verulegir og til þess fallnir að hafa áhrif á efni ákvörðunarinnar og þar af leiðandi má gera ráð fyrir, yrði ákvörðunin tekin á boðuðum grunni, að hún yrði ógildanleg.

Í kjölfarið tilkynnti Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur kæranda um hina kærðu ákvörðun með bréfi, dags. 14. júní 2022. Í ákvörðuninni kom fram að það væri niðurstaða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að ekki væri tilefni til að endurskoða ákvörðunina frá 25. maí né afturkalla hana. Með því að flytja matvæli til landsins og markaðssetja þau bæri matvælafyrirtækið ábyrgð á að matvælin uppfylltu þær kröfur sem gerðar væru til þeirra í gildandi matvælalöggjöf, sbr. b-lið 8. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Loks var vísað til áður greindrar yfirlýsingar General Mills.

#### **4. MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK**

##### **4.1. Kæruheimild**

Um kæruheimild vísast til almennrar kæruheimildar 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 30. gr. d. laga nr. 93/1995 um matvæli. Í 1. mgr. 30. gr. d. matvælalaga segir að við meðferð mála skv. 30. gr., 30. gr. a, 30. gr. b og 30. gr. c skuli fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga og öðrum reglum stjórnsýsluréttar. Í 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga segir að aðila máls sé heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum og venju.

Samkvæmt d-lið 5. tl. 1. mgr. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 6/2022 fer matvælaráðherra m.a. með mál er varða heilbrigðiseftirlit með markaðssetningu matvæla. Er kærunni því beint til matvælaráðuneytisins sem æðra stjórnvaldi gagnvart Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Pá er kæran send innan þriggja mánaða kærufrests skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga.

##### **4.2. Brot á rannsóknarskyldu skv. 10. gr. stjórnsýslulaga**

Kærandi byggir á því að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi ekki gætt að rannsóknarskyldu sinni skv. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en eftirlitið tók ákvörðun um að stöðva sölu á Lucky Charms morgunkorni í verslunum Samkaupa í Reykjavík.

Í 10. gr. stjórnsýslulaga segir: „Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.“ Mál telst nægjanlega upplýst þegar þeirra upplýsinga hefur verið aflað sem nauðsynlegar eru til þess að taka efnislega rétta ákvörðun í máli. Afmörkun rannsóknarinnar getur tekið mið af því hvort

nauðsynlegt er að taka skjóta ákvörðun í málinu, en ef stjórvaldsákvörðun er íþyngjandi eru gerðar strangari kröfur til stjórvalds að ganga úr skugga um að upplýsingar, sem búa að baki ákvörðuninni, séu sannar og réttar.

Í ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 14. júní 2022 segir eftirfarandi um þau gögn sem ákvörðunin er byggð á:

Fyrir liggur að framleiðandi morgunkornsins General Mills, hefur tilkynnt að umrætt morgunkorn sé ekki lengur framleitt með evrópskan markað og þar með evrópskt regluverk á sviði matvæla í huga. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur enga ástæðu til að rengja framleiðandann og að mati eftirlitsins er það heldur ekki hlutverk einstakra matvælafyrirtækja hér á landi að gera það og halda áfram innflutningi á matvælum sem að mati framleiðanda þeirra samrýmast ekki lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim.

Af ákvörðuninni má ráða að framangreind séu einu gögnin sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur styður ákvörðun sína við. Verður að telja að með því að láta undir höfuð leggjast að afla frekari gagna og byggja íþyngjandi ákvörðun á rúmlega ársgamalli yfirlýsingu hafi málið ekki verið nægjanlega upplýst áður en ákvörðunin var tekin. Með vísan til framangreinds telur kærandi að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi brotið í bága við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga.

#### **4.2. Rökstuddur grunur ekki fyrir hendi**

Kærandi byggir á því að skilyrði 1. málsl. 3. mgr. 30. gr. matvælalaga um að rökstuddur grunur liggi fyrir um að matvæli uppfylli ekki ákvæði laganna eða settra stjórvaldsreglna séu ekki uppfyllt í málinu.

Samkvæmt 1. málsl. 3. mgr. 30. gr. matvælalaga er opinberum eftirlitsaðila heimilt að gefa fyrirmæli um afmengun matvæla, stöðva eða takmarka framleiðslu og markaðssetningu matvæla og leggja hald á þau þegar rökstuddur grunur er um að matvælin uppfylli ekki ákvæði laganna eða stjórvaldsreglna settra samkvæmt þeim. Með vísan til framangreinds þarf að liggja fyrir *rökstuddur grunur* um að viðkomandi matvæli séu heilsuspíllandi, óhæf til neyslu eða valdi tjóni á öðrum hagsmunum.

Líkt og áður hefur fram komið styður Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ákvörðun um sölustöðvun á rúmlega ársgamalli tilkynningu frá General Mills frá 30. mars 2021. Af tilkynningunni verður ekki séð að kærandi hafi markaðssett matvæli sem séu heilsuspíllandi, óhæf til neyslu eða valdi tjóni á öðrum hagsmunum. Þvert á móti segir í tilkynningunni að verið sé að finna lausn á því að morgunkornið Lucky

Charms sé í samræmi við Evrópureglur. Hefði Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur verið í lófa lagið að óska eftir upplýsingum um stöðu mála hjá General Mills eða Samkaupum áður en ákvörðun var tekin í málínu. Þess í stað virðist Heilbrigðiseftirlitið eingöngu byggja á því að morgunkornið brjóti í bága við matvælalög vegna þess eins að það sé framleitt í Bandaríkjum.

Þá liggur fyrir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur ekki aflað gagna, eins og rannsóknarsýna, frá kæranda vegna morgunkornsins áður en gripið var til íþyngjandi aðgerða skv. 3. mgr. 30. gr. matvælalaga. Er tilvitnuð tilkynning því eina gagn málsins sem byggt er á. Með vísan til þessa telur kærandi að ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að stöðva sölu Lucky Charms hafi ekki uppfyllt skilyrði 1. máls. 3. mgr. 30. gr. matvælalaga um rökstuddan grun.

#### **4.3. Andmælaréttur skv. 13. gr. stjórnsýslulaga**

Kærandi byggir einnig á því að rökstuðningi fyrir ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um sölustöðvun hafi verið svo ábótavant að kæranda hafi verið ómögulegt að nýta andmælarétt sinn, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga.

Um rökstuðning fyrir stjórnvaldsákvörðun er fjallað í 22. gr. stjórnsýslulaga. Er um að ræða þær lágmarkskröfur sem ávallt eru gerðar til efnis rökstuðnings. Í rökstuðningi stjórnvaldsákvörðunar skal ávallt koma fram tilvísun til réttarheimilda, sem ákvörðun er byggð á. Í því felst að vísa ber til þeirrar réttarheimildar sem ákvörðun er byggð á með grein, nafni og númer laga eða stjórnvaldsfyrirmæla. Ef rökstuðningi fyrir stjórnvaldsákvörðun er verulega ábótavant getur það komið í veg fyrir að andmælaréttur 13. gr. stjórnsýslulaga sé virtur. Af ákvæðinu og tilgangi andmælareglunnar leiðir að stjórnvöld verða að gæta að því að andmælaréttur aðila sé raunhæfur og virkur.

Í rökstuðningi ákvörðunar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um sölustöðvun er vísað til 8. gr. b. matvælalaga sem kveður á um að stjórnandi beri ábyrgð á því að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma. Þá segir að stjórnandi beri ábyrgð á öllum stigum framleiðslu og dreifingar í fyrirtækjum undir hans stjórn og skuli sannprófa að þessum kröfum sé fullnægt.

Hins vegar er ekki kveðið nánar á um það með hvaða hætti kærandi hafi brotið gegn framangreindum ákvæðum matvælalaga í hinni kærðu ákvörðun. Gat kæranda því ekki verið ljóst hvaða ákvæði matvælalaga hann hefði gerst brotlegur við enda einungis vísað til laganna í heild en ekki til tiltekinna lagaákvæða eða annarra

stjórnvaldsfyrirmæla. Var kæranda því í raun ómögulegt að nýta andmælarétt sinn samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga.

## 5. NIÐURLAG

Með vísan til alls framangreinds telur kærandi að fella eigi úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 14. júní 2022 um sölustöðvun á Lucky Charms morgunkorni í verslunum Samkaupa í Reykjavík, þ.m.t. netverslun, frá og með 15. júní 2022. Þá telur kærandi að stofnunin hafi með málsmeðferð við töku ákvörðunar brotið gegn bæði form- og efnisreglum stjórnsýslulaga sem og ólögfestum reglum stjórnsýsluréttar. Telur kærandi að umræddir annmarkar séu verulegir og til þess fallnir að hafa áhrif á efni hinnar kærðu ákvörðunar. Þá sé um að ræða alvarlegt brot á öryggisreglum 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga sem leiði til ógildingar ákvörðunarinnar án þess að taka þurfi afstöðu þess hvort brotið hafi áhrif á efnislegt inntak þeirrar ákvörðunar sem um ræðir.

Kærandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum við meðferð málsins gefist tilefni til.

Reykjavík, 15. ágúst 2022  
F.h. kæranda,

  
Unnur L. Hermannsdóttir lögmaður



Samkaup hf.  
Krossmáa 4  
260 Reykjanesskagi

Reykjavík, 25. maí 2022  
Tilvísun: 2022050297/25.16

### Efni: Sölustöðvun á Lucky Charms morgunkorni

Þann 31. mars 2021 sendi Nathan & Olsen, innflutningsaðili Lucky Charms morgunkorns, frá sér fréttatilkynningu um að General Mills, framleiðandi morgunkornsins, hafi ákveðið að breyta uppskriftum þess sem gerði það að verkum að það uppfyllir ekki lengur evrópska og þar með íslenska matvælalöggið. Í kjölfarið hætti Nathan & Olsen að dreifa vörunum á íslenskum markaði.

Þann 20. maí sl. barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur ábending um að Lucky Charms morgunkorn væri boðið til sölu í netverslun Nettó - <https://www.aha.is/gm-lucky-charms-1-3kg-325392>.

Samkvæmt upplýsingum frá Samkaupum hf. er morgunkornið flutt inn til landsins af fyrirtakinu sjálfu og því dreift í verslanir þess um allt land. Matvælaupplýsingar á umbúðum eru dæmigerðar fyrir matvæli sem eiga uppruna sinn í Norður-Ameríku. Samkaup hf. endurmerkja vöruna fyrir sölu hér á landi.

Fyrir liggar að framleiðandi morgunkornsins, General Mills, hefur tilkynnt að umrætt morgunkorn er ekki lengur framleitt með evrópskan markað og þar með evrópskt regluverk á sviði matvæla í huga. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur enga ástæðu til að renga framleiðandann og að mati eftirlitsins er það heldur ekki hlutverk einstakra matvælafyrirtækja hér á landi að gera það og halda áfram innflutningi á matvælum sem að mati framleiðanda þeirra samrýmast ekki lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er því einboðið að stöðva þurfi sölu á umræddu morgunkorni.

Í ljósi alls ofangreinds og með vísun til 3. mgr. 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, gerir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur kröfum að Samkaup hf. stöðvi dreifingu á Lucky Charms morgunkorni í öllum verslunum fyrirtækisins í Reykjavík, þ.m.t. netverslun og skulu vörurnar ekki vera í dreifingu eftir 15. júní 2022.

Ef fyrirtækið hefur einhverjar athugasemdir eða andmæli fram að færa við þessar ákvarðanir óskast þær sendar skriflega til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Borgartúni 12, 105 Reykjavík innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs. Vakin er athygli yðar á því að samkvæmt d-lið 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, er yður heimilt að vísa þessu máli til æðra stjórnvalds (matvælaráðherra) samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og öðrum reglum stjórnsýsluréttar, ef þér unið eigi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Frestur til að vísa málunum til æðra stjórnvalds er þrír mánuðir frá birtingu ákvörðunar skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.





Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur  
REYKJAVÍKUR  
*Rúnar Ingi Tryggvason*  
Rúnar Ingi Tryggvason  
heilbrigðisfulltrúi

Meðfylgjandi:

Fréttatilkynning frá Nathan & Olsen, dags. 31. mars 2021.

Tilkynning frá General Mills, dags. 30. mars 2021.

Afrít sent:

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja



Reykjavík 31. mars 2021

Fréttatilkynning:

**Cocoa Puffs og Lucky Charms af íslenskum markaði**

General Mills hefur nýlega upplýst Nathan & Olsen, umboðsaðila sinn á Íslandi, um að vörumerkin Cocoa Puffs og Lucky Charms séu ekki lengur í boði fyrir íslenskan markað. Þetta kemur til vegna breytinga á uppskrift sem felur í sér viðbætt náttúrulegt litarefni sem samræmist ekki evrópulöggjöf sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu.

„Þetta er auðvitað mjög leiðinlegt fyrir okkur og íslenska neytendur,” segir Lísa Björk Óskarsdóttir, framkvæmdastjóri Nathan & Olsen. „Bæði Cocoa Puffs og Lucky Charms hafa átt fastan sess á heimilum landsmanna um áratuga skeið og notið mikilla vinsælda fólks á öllum aldri. Þessar vörur ásamt ýmsum öðrum frá Bandaríkjunum eru eftirsóttar á Íslandi en hér hefur verið innleidd evrópulöggjöf sem getur verið hamlandi þegar kemur að því að bjóða neytendum fjölbreytt úrval af bandarískum vörum.

Í tilkynningu frá General Mills segir framleiðandinn meðal annars að unnið sé hörðum höndum að því að þróa aðrar lausnir í framleiðslu á vörum fyrir Evrópumarkað sem þjónað geti íslenskum neytendum með sama ánægjulega hætti og verið hefur til þessa.

**Nánari upplýsingar veitir Lísa Björk Óskarsdóttir,  
framkvæmdastjóri Nathan & Olsen, í síma 530 8400.**



**Nathan & Olsen**  
Klettagörðum 19  
104 Reykjavík  
Iceland

Nyon, 30 March 2021

Dear partner Nathan & Olsen,

General Mills wishes to inform you of a change to our portfolio of cereals available for the Icelandic market.

It is with regret that we inform you that we can no longer offer the Cocoa Puffs brand in Iceland. The latest change in the US formulation (adding natural colors) is not aligned with the European Union (EU) regulations or any EEA countries where EU regulations apply.

Similarly, due to applicable regulations, we are no longer able to offer the Lucky Charms brand in Iceland.

General Mills is working hard to find the best alternative solution to serve Icelandic consumers, ensure consumer satisfaction and compliance with EU regulations.

General Mills is committed to Making Food the World Loves.

Sincerely,

**Erasmo Nuzzi**  
EEM Managing Director

## LANDSLÖG

**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur**  
**Borgartúni 12**  
**105 Reykjavík**

Reykjavík, 7. júní 2022

### **EFNI: ANDMÆLI VEGNA KRÖFU UM SÖLUSTÖÐVUN**

Samkaup hf. hafa falið Landslögum að gæta hagsmuna sinna vegna kröfu um sölustöðvun sem þeim barst með bréfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, dags. 25. maí 2022.

Í ofangreindu bréfi fer Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, með vísan til 3. mgr. 30. gr. laga nr. 93/1995, fram á það að Samkaup hf. stöðvi dreifingu á Lucky Charms morgunkorni í öllum verslunum fyrirtækisins í Reykjavík, þ.m.t. netverslun þess og er þess krafist að vörurnar verði ekki í dreifingu eftir 15. júní 2022.

Til stuðnings kröfu um sölustöðvun er vísað til almennrar yfirlýsingar sem framleiðandi morgunkornsins, General Mills, gaf frá sér þann 30. mars 2021 um hann gæti ekki lengur dreift Lucky Charms til Íslands vegna breytinga á uppskrift morgunkornsins sem stangist á við löggjöf ESB og EES. Í bréfinu kemur einnig fram að unnið sé hörðum höndum að því að þróa aðrar lausnir í framleiðslu á vörum fyrir Evrópumarkað. Þá er vísað til fréttatilkynningar Nathan & Olsen, dags. 31. mars 2021, þar sem efni yfirlýsingar General Mills er að mestu endurtekið.

Boðuð ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er stjórnavaldað ákvörðun. Því er Heilbrigðiseftirlitið bundið af form- og efnisreglum stjórnsýsluréttar við meðferð og ákvarðanatöku í málinu. Umrædd ákvörðun yrði verulega íþyngjandi fyrir umbjóðanda minn, en í slíkum tilvikum eru gerðar meiri kröfur til málsmeðferðar stjórnavalda.

EKKI verður séð að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi gætt að framangreindum reglum við meðferð málsins. Pannig verður ekki séð að Heilbrigðiseftirlitið hafi sinnt rannsóknarskyldu þeirri sem á eftirlitinu hvílir samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Aðeins er vísað til meira en ársgamalla yfirlýsinga frá General Mills og Nathan & Olsen og ekki með neinum hætti tilgreint hvort og þá hvaða innihaldsefni morgunkornsins Heilbrigðiseftirlitið telur ólögmæt eða gegn hvaða reglum hefur verið brotið.

Því verður ekki séð að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi lagt fullnægjandi grundvöll að ákvörðun sinni, enda hefur eftirlitið ekki aflað fullnægjandi gagna til að það geti tekið afstöðu til þess hvort að umrætt morgunkorn innihaldi efni sem ólögmætt er að nota í matvælum.

Þá er rökstuðningi fyrir boðaðri ákvörðun svo ábótavant að umbjóðanda mínum er ómögulegt að nýta andmælarétt sinn, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Af ákvæðinu og tilgangi andmælareglunnar leiðir að stjórnvöld verða að gæta að því að andmælaréttur aðila sé raunhæfur og virkur.

Umbjóðandi minn telur fyrirhugaða ákvörðun brjóta gegn bæði form- og efnisreglum stjórnsýslulaga og ólögfestum reglum stjórnsýsluréttar. Eru annmarkarnir verulegir og til þess fallnir að hafa áhrif á efni ákvörðunarinnar og þar af leiðandi má gera ráð fyrir, verði ákvörðunin tekin á boðuðum grunni, að hún verði ógildanleg.

Í ljósi framangreinds er þess farið á leit að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur endurskoði afstöðu sína og fyrirhugaða ákvarðanatöku.

Virðingarfyllst,

f.h. Samkaupa hf.

---

Áslaug Árnadóttir hrl.



**Samkaup hf.**  
**Krossmáa 4**  
**260 Reykjanesskáli**

Reykjavík, 14. júní 2022  
Tilvísun: 2022050297/25.16

### **Efni: Ákvörðun um sölustöðvun á Lucky Charms morgunkorni**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) vísar til andmæla frá lögfræðistofunni Landslög f.h. Samkaupa hf. dags. 7. júní 2022, þar sem fyrirtækið andmælir ákvörðun HER, dags. 25. maí 2022, um sölustöðvun á Lucky Charms morgunkorni.

Pann 25. maí sl. sendi HER Samkaupum hf. erindi þess efnis að HER færi fram á að Samkaup hf. skyldu stöðva dreifingu á Lucky Charms morgunkorni í öllum verslunum fyrirtækisins í Reykjavík, þ.m.t. netverslun og ættu vörurnar ekki vera í dreifingu eftir 15. júní 2022.

Í b-lið 8. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, segir: "Stjórnandi matvælafyrirtækis ber ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma. Stjórnandi ber ábyrgð á öllum stigum framleiðslu og dreifingar í fyrirtækjum undir hans stjórn og skal sannprófa að þessum kröfum sé fullnægt."

Lucky Charms sem Samkaup hafa flutt inn til landsins og dreift er framleitt af General Mills í Bandaríkjum og er morgunkornið merkt skv. þarlendum kröfum.

Samkaup endurmerkja morgunkornið áður en það er selt hér á landi.

Framleiðandinn hefur tekið þá ákvörðun að framleiða ekki morgunkornið fyrir Evrópumarkað. Það hefur hann gert með því að breyta uppskriftum.

General Mills tilkynnti umboðsaðila sínum, Nathan & Olsen, um þessar breytingar með bréfi - sjá fylgiskjal. Nathan & Olsen sendi út fréttatilkynningu um málið í kjölfarið. Fréttin vakti mikla athygli og birtist í fjölmörgum fjölmálium, dæmi: [www.visir.is](http://www.visir.is) (31.03.2021), [www.frettabladid.is](http://www.frettabladid.is) (31.03.2021), [www.mbl.is](http://www.mbl.is) (31.03.2021), [www.vb.is](http://www.vb.is) (31.03.2021). Ákvörðunin hefði því ekki átt að fara fram hjá innflytjendum hér á landi. Hafi Samkaup ekki fengið upplýsingar um ákvörðun General Mills þá var fyrirtækið upplýst um hana með erindi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 25. maí sl.

Með því að flytja matvæli til landsins og markaðssetja þau ber matvælafyrirtækið sem það gerir ábyrgð á að matvælin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í gildandi matvælalöggjöf, sbr. b-lið 8. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

Framleiðandi morgunkornsins hefur ákveðið að framleiða ekki Lucky Charms morgunkorn til sölu í Evrópu. Samkaup eru upplýst um þetta. Endurmerkingar eða rannsóknir á innihaldi matvæla breyta engu; staðreynd málsins verður ekki haggað. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur





## Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

mun ekki krefja General Mills um upplýsingar um hvaða breytingar voru gerðar á uppskriftum morgunkornsins. General Mills er í fullum rétti að breyta uppskriftum sinna framleiðsluvara ef þær breytingar eru í samræmi við þær reglur sem gilda á þeim markaðssvæðum þar sem matvælunum verður dreift. Hyggist matvælafyrirtæki sem er með starfsemi á öðru markaðssvæði flytja inn til Íslands matvæli þarf það að afla upplýsinga um innihaldsefni þeirra frá framleiðanda þeirra enda ber þeim að sýna fram á að matvælin uppfylli þær kröfur sem til þess eru gerðar skv. íslenskum lögum. Í þessu máli gerir ákvörðun framleiðanda það ómögulegt.


Að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og með visun til alls ofangreinds er ekki tilefni til að endurskoða ákvörðun HER frá 25. maí sl. né afturkalla hana.

Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 25. maí sl. um sölustöðvun á Lucky Charms morgunkorni sem Samkaup hafa flutt inn stendur óhögguð. Morgunkornið skal ekki vera í dreifingu í verslunum Samkaupa í Reykjavík, þ.m.t. netverslun, frá og með 15. júní 2022.

Vakin er athygli yðar á því að samkvæmt d-lið 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, er yður heimilt að vísa þessu máli til æðra stjórnvalds (matvælaráðherra) samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og öðrum reglum stjórnsýsluréttar, ef þér unið eigi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Frestur til að vísa málinu til æðra stjórnvalds er þrír mánuðir frá birtingu ákvörðunar skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur



Óskar Ísfeld Sigurðsson  
deildarstjóri

Rúnar Ingi Tryggvason  
heilbrigðisfulltrúi

